

Dánargjöf Þorbjargar Friðriksdóttur

Ágripsútskrift af erfðaskrá Þorbjargar Friðriksdóttur.

Ég undirrituð Þorbjörg Friðriksdóttir kennslukona við Barnaskólann í Reykjavík geri hér með eftirfarandi skipun á eignum mínum eftir minn dag:

20. Öllum eignum mínum, sem ekki er sérstaklega ráðstafað, svo sem fé á innlánsskírteinum og í sparisjóði, skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands þar til upphæð þess nemur 30.000 kr., þá skal af helmingnum, 15.000 kr., stofna sjóð til minningar um foreldra mína, Friðrik Símonarson og Guðrúnu Ólafsdóttur frá Haukadal í Dýrafirði og 7 bræður mína, er nefnist „Foreldra og sjö bræðra sjóður“. Skal sjóður þessi standa óhreyfður í Söfnunarsjóðnum, þar til hann er orðinn 100.000 krónur, þá má verja hálfum vöxtum sjóðsins til styrktar fátækum stúdentum, körlum og konum, er nám stunda við Háskóla Íslands, en hinn helmingur vaxtanna skal ávallt lagður við höfuðstólinn. Háskólaráðið skal þá taka við stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann.

Framanefndir sjóðir skulu ávallt vera á vöxtum í Söfnunarsjóði Íslands.

Landsspítalanum þ. 2. júní 1931

Þorbjörg Friðriksdóttir (sign.)
(handsalað)